49 um fær, ef þess er krafizt, og innheimtir hreppsnefndin tollinn hjá eigendum
5. apríl hryssnanna.

10. gr.

Kynbótanefndir skulu hver í sínu umdæmi safna skýrslum um ætterni hrossa þeirra, sem þar eru, og aukið geta kyn sitt, skrásetja þær og halda síðan áfram ættartöflum hrossanna samkvæmt fyrirmynd, er þær fá frá sýslunefndinni. Nefndin heldur fyrir töflurnar sjerstaka ættartölubók, er hreppssjóður kostar.

11. gr.

Heimilt er að greiða úr sveitarsjóði þóknun til kynbótanefndarinnar, ef hún krefst þess, og hreppsnefnd eða sýslunefnd álítur störf hennar þess verð.

12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 50 krónum, og fellur helmingur þeirra til uppljóstrarmanns, en hinn helmingurinn til sveitarsjóðs, þar sem brotið er framið.

Mál, sem rísa útaf brotum gegn samþykkt þessari, skal fara með sem opinber lögreglumál.

## Ákvörðun um stundarsakir.

Svo fljótt sem unnt er, eptir að samþykkt þessi er komin í gildi, skal kjósa *kynbótanefndir í fyrsta sinni* á almennum hreppsfundum í öllum hreppum sýslunnar, er þegar taki til starfa, og gildi kosning þeirra til ársloka 1904.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest af undirrituðum amtmanni, til þess að öðlast gildi 1. júlí 1904, og kunngjörist öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Vesturamtið, Reykjavík 5. apríl 1904.

*J. Havsteen.*

50

# Reikningur

yfir tekjur og gjöld Ræktunarsjóðs Íslands 1903.

Tekjur:

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. Höfuðstóll 31. desbr. 1902 | | | | | | |
| $4\%$ þjóðjarðasölulán . . . . . . . . | | | kr. | 51210 65 | | |
| önnur lán . . . . . . . . . . . . | | | — | 41257 13 | | |
| $3\frac{1}{2}\%$ tóvjelalán . . . . . . . . | | | — | 13354 32 | | |
| $3\%$ jarðabótalán hreppa . . . . . . | | | — | 33525 00 | | |
| Í sjóði: viðskiptabók Landsb. | kr. | 13327 45 | | | | |
| ógoldnir vextir 4476+30 | — | 74 76 | — | 13402 21 | kr. | 152749 31 |
| | | | | | Flyt kr. | 152749 31 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | Fluttar kr. | 152749 31 |
| 2. Vextir áfallnir 1903. | | | |
| 4% þjóðjarðasölulán + ógr. vöxtum 1902 . . . . kr. 44 76 | — 2067 04 | | |
| önnur lán . . . . . . . . . . . . | — 1650 26 | | |
| $3^1/_2$% lán . . . . . . . . . . . . | — 467 39 | | |
| 3% jarðabótalán hreppa . . . . . . . | — 897 75 | | |
| einstakra manna . . . . . . . . . . . | — 108 00 | | |
| sparisjóðsvextir . . . . . . . . . . . | — 412 44 | kr. | 5602 88 |
| 3. Afborgun lána: | | | |
| 4% þjóðjarðasölulán . . . . . . . . | kr. 3354 71 | | |
| önnur lán . . . . . . . . . . . . . | — 1460 14 | | |
| $3^1/_2$% tóvjelalán . . . . . . . . . . . | — 548 56 | | |
| 3% jarðabótalán hreppa . . . . . . | — 175 00 | kr. | 5538 41 |
| 4. Jörðin Horn í Nesjum, kaupverð . . . . . . . . . . . | | — | 4000 00 |
| 5. Lán færð til jafnaðar útgjöldum . . . . . . . . . . . | | — | 10850 00 |
| | | Kr. | 178740 60 |

50

Gjöld:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. Lán til jarðabóta . . . . . . . . . . | kr. 7850 00 | | |
| 6% lán gegn veði í Horni á Nesjum . . | — 3000 00 | kr. | 10850 00 |
| 2. Verðlaun veitt 1903 . . . . kr. 4375 00 | | | |
| Þaraf ógreiddar 2×50 . . . — 100 00 | | — | 4375 00 |
| 3. Eyðublöð, ritföng . . . . . . . . . . . . . . . . . . | | — | 10 00 |
| 4. Til jafnaðar tekjul. 3 færist . . . . . . . . . . . . | | — | 5538 41 |
| 5. Höfuðstóll 31. desbr. 1903. | | | |
| 4% þjóðjarðasölulán . . . . . . . . | kr. 50855 94 | | |
| önnur lán . . . . . . . . . . . . . | — 39796 99 | | |
| $3^1/_2$% tóvjelalán . . . . . . . . | — 12805 76 | | |
| 3% lán til hreppa . . . . . . . . . | — 29750 00 | | |
| Lán til bænda . . . . . . . . . | — 11450 00 | | |
| Í viðskiptabók Landsbankans . . . | — 13263 74 | | |
| ógoldnir vextir Ól. Jenssonar . . . | — 44 76 | kr. | 157967 19 |
| | | Kr. | 178740 60 |

Skrifstofu landfógeta 12 marz 1904.

*A. Thorsteinsson.*